

**Nr. 103 / 15 Valdimar GK 195*****Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2354 IMO nr. 8302117  
Smíðaður: Noregur 1982, stál  
Stærð: 344,33 brl. 569,0 bt.  
Mesta lengd: 41,36 m Skráð lengd: 38,0 m  
Breidd: 8,5 m Dýpt: 6,55 m  
Vél: Callesen 508 kW, 1981  
Fjöldi skipverja: 14

**Gögn:**  
Gögn RNSA



Valdimar ©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. apríl 2016 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 8. janúar 2015 var Valdimar GK 195 á línuveiðum á Eldeyjarbanka. Veður: SV 25 m/s og ölduhæð 6 m.

Skipverji var að ganga frá beitu við beitningarvél og stóð við það á palli ca. 30 cm frá þilfari. Báturinn tók skyndilega djúpa bakborðs dýfu. Kastaðist skipverjinn þá af pallinum og lenti undir færibandinu með þeim afleiðingum að hann fékk áverka á bak.

***Við rannsókn kom fram:***

- að verið var að hætta á veiðum vegna veðurs þegar brot kom á bátinn og hann lagðist skyndilega á hliðina;
- að skipverjinn var óviðbúinn og náði ekki að halda sér.

***Nefndarálit:***

Orsök atviksins er slæmt veður.